

Lög Sleðahundaklúbbs Ísland

1.gr.

Félagið heitir Sleðahundaklúbbur Íslands

2.gr.

Heimili félagsins og varnarþing er það sama og heimilisfang formanns stjórnar hverju sinni og felst samþykkt á því fyrirkomulagi í framboði og kosningu til stjórnarformennsku.

3.gr.

Tilgangur félagsins er að vera vettvangur fræðslu og kynningar á sleðahundum og sleðahundasporti og efla iðkun sleðahundasports á Íslandi.

4.gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að halda úti fræðslu- og tengslavef fyrir félagsmenn og annað áhugafólk um sleðahunda og sleðahundasportið, halda tilfallandi viðburði þar sem hundar og menn koma saman til að iðka, fræðast eða fjalla um sleðahunda, sleðahundasport og tengd málefni.

5.gr.

Kosningar um stjórnarmenn fara fram skriflega á aðalfundi, þó getur fólk sem ekki kemst á fundinn sökum búsetu eða af öðrum ástæðum, greitt atkvæði símleiðis með samþykki fundarins".
Rökstuðningur: Undanfarin ár hefur ekki verið mögulegt að kjósa í stjórn klúbbsins rafrænt og þar sem félagar Sleðahundaklúbbsins búa út um allt land, finnst mér að Klúbburinn eigi að koma til móts við fólk sem ekki kemst á aðalfund með því að taka við atkvæðum símleiðis.

6.gr.

Félagsaðild

Öllum einstaklingum er frjálst að ganga í félagið, hvort sem þeir eiga hund eða ekki. Eigi þeir hund gerir félagið ekki upp á milli tegunda og öllum hundategundum er ávallt heimilt að taka þá í öllum atburðum sem félagið stendur fyrir.

7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum þ.e. formanni, ritara og gjaldkera ásamt tveimur

meðstjórnendum. Stjórnarmenn og formaður skulu kosnir til tveggja ára í senn á aðalfundi.

Einnig skal kjósa tvo varamenn til eins árs í senn. Varamaður hefur atkvæðisrétt í stað þess stjórnarmanns sem hann kemur í stað fyrir hverju sinni.

Formaður boða stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir en að öðru leyti eru allir stjórnarmenn jafn rétt háir í atkvæðagreiðslum eða afgreiðslu mála í stjórninni.

Daglega umsjón félagsins annast stjórnarmenn í sameiningu og með samkomulagi sín á milli. Meirihluti stjórnar skuldbindur félagið.

8.gr.

Starfstímabil félagsins er frá 1.nóvember ár hvert til 31.október næsta árs. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn í skilum með gjöld komandi árs mega vera þátttakendur á aðalfundi.

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boða á heimasíðu félagsins með minnst þriggja vikna fyrirvara. Rétt boðaður aðalfundur er löglegur án tillits til fundarsókarnar.

9.gr.

Árgjald félagsins er kr. 1.500 og er því ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur félagsins ár frá ári. Skráning félaga tekur gildi þegar inngöngugjaldið hefur verið greitt.

Leitast skal við að reka félagið án teljandi hagnaðar ár hvert.

Félagsmönnum er heimilt að skrá börn sín sem það vilja og eru undir 18 ára aldri í félagið gjaldfrjálst án skuldbindinga þeirra eða kostningaréttar gagnvart félaginu. Slíka félagsskráningu þurfa viðkomandi einstaklingar að staðfesta árlega.

10.gr.

Rekstarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í að greiða niður kostnað næsta rekstrarárs. Félagsgjöld skulu taka mið af því einu að félagið geti rekið sig ár frá ári.

11.gr.

Ákvörðun um slit félags verður aðeins tekin á aðalfundi með $\frac{3}{4}$ hluta greiddra atkvæða um tillögu þess efnis og renna eignir þess við slit ef einhverjar eru til Dýrahjálpar Íslands eða ráðuneytis landbúnaðarmála hafi Dýrhjálp Íslands verið slitið ef og þegar til slíks kemur.

12.gr.

Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum skal leggja fram ásamt greinargerð með breytingartillögunni til stjórnar félagsins á netfangið stjorn@sledahundar.is í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfund. Allar breytingartillögur setur stjórn fram á vef félagsins viku fyrir aðalfund og félagsmenn skulu eiga kost að kjósa rafrænt um þær frá þeim tíma.

Framboð til stjórnarsetu þurfa að koma fram í upphafi aðalfundar. Rafræn kostning skal hefjast um leið og öll framboð hafa verið skráð og standa í 30 mínútur hið minnsta.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi félagsins og öðlast gildi í lok hans

Dagsetning og undirskriftir allra stjórnarmanna

Reykjavík 25.nóvember 2017